

Verkferill vegna Birtingaskrár

Samkvæmt 10. gr. reglugerðar um vinnustaðanám nr. 180/2021 heldur Menntamálastofnun skrá yfir iðnmeistara, fyrirtæki og stofnanir sem uppfylla skilyrði sett samkvæmt reglugerð um vinnustaðanám nr. 180/2021.

Lög og reglugerðir

- Lög um handiðnað nr. 42/1978
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008
- Stjórnslög nr. 37/1993
- Lög um Menntamálastofnun nr. 91/2015
- Reglugerð um vinnustaðanám nr. 180/2021

Iðngreinar sem reknar eru sem handiðnaður og löggiltar hafa verið í reglugerð skulu ávallt reknar undir forstöðu meistara sbr. 8. gr. laga um handiðnað nr. 42/1978.

Kröfur til iðnmeistara, fyrirtækja og stofnana má finna í 9. gr reglugerðar nr. 180/2021.

Verði endurtekin slit á samningi um vinnustaðanám af hálfu iðnmeistara, fyrirtækis eða stofnunar eða viðkomandi verði sannarlega uppvís að því að vanrækja kennslu missir viðkomandi rétt sinn til að annast kennslu nemenda á vinnustað og skal vinnustaðurinn þá tekinn af lista Menntamálastofnunar.

Ef fyrirtæki verður gjaldþrota eða hættir störfum af öðrum ástæðum skal skóli/umsýsluaðili útvega nemanum annan námsstað í starfsgreininni, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 180/2021.

Umsóknargátt verkferill

- Fyrirtæki skráir sig inn með rafrænum skilríkjum fyrirtækis
- Skráir inn kennitölu og símanúmer fyrirtækis
- Samþykkir skilmála og setur inn gögn s.s. iðnmeistararéttindi og sveinprófsréttindi
- Menntamálastofnun fær skilaboð í netfangið ferilbok@mms.is
- Menntamálastofnun afgreiðir umsóknir í Birtingaskrá einu sinni í viku
- Umsókn samþykkt ef fyrirbyggjandi gögn eru fullnægjandi
- Menntamálastofnun sendir skjal til staðfestingar til fyrirtækja
- Umsókn hafnað eða sett í bið þegar:
 - Staðfestingu á iðnmeistararéttindum vantar
 - Staðfestingu á iðnréttindum tilsjónaraðila vantar
 - Ljóst er að fyrirtækið geti ekki uppfyllt skilyrði 9. gr. um aðbúnað og verkefni

Afskráning af lista Menntamálastofnunar samkvæmt reglugerð nr. 180/2021

- vegna 5. mgr. 11.gr
- vegna c- liðar 11.gr.
- vegna d-liðar 11. gr

Erindi skal berast Menntamálastofnun á netfangið ferilbok@mms.is

Rökstuðningur hvers vegna er fyrirhugað að taka fyrirtæki/iðnmeistara/stofnun af listanum:

- Fyrirtæki uppfyllir ekki skyldur sínar samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 180/2021, sjá einnig til 11. gr. (c- og d lið) er varðar brot eða uppfylli ekki samningsskyldur og ef fyrirtæki verður gjaldþrota eða hættir störfum.
- Fyrirtæki/iðnmeistara/stofnun skal tilkynnt um fyrirhugaða afskráningu og gefinn kostur á að gæta andmæla, sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.
- Fyrirtæki/iðnmeistari/stofnun gefst tækifæri til að bregðast við og koma að athugasemdum innan tilgreinds frests.
- Menntamálastofnun móttækur og fer yfir röksemdafærslu um afskráningu.
- Í framhaldinu tekur MMS tillit til allra gagna eftir að fyrirtæki/iðnmeistari/stofnun sendi inn rökstuðning gegn afskráningu.

Menntamálastofnun skal leiðbeina um málskot, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 180/2021, sbr. 26.gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Fyrirtæki/iðnmeistari/stofnun óskar sjálf/-t eftir afskráningu

Ástæður:

- Getur ekki tekið nema vegna verkefnastöðu
- Gjaldþrot
- Iðnmeistari ekki lengur til staðar
- Annað

Tilkynning skal berast í gegnum vefinn <https://ferilbok-vinnustadir.inna.is/>

Í fyrstu útgáfu er sendur tölvupóstur á ferilbok@mms.is

Afskráning skal eiga sér stað eigi síðar en tveimur vikum eftir að tilkynning barst til Menntamálastofnunar.

Fyrirtæki sem hefur óskað eftir afskráningu eða verið tekið af skrá af Menntamálastofnun getur þegar aðstæður breytast óskað eftir því að fara aftur á skrá. Nauðsynlegt er að hefja umsóknarferil að nýju.